

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/839 2019/EES/82/14

frá 7. mars 2019

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyferfa til endurnýjunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyferfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE ⁽¹⁾, einkum annarri málsgrein 8. og 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 540/2014 er mælt fyrir um kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu allra nýrra ökutækja í flokki M (sem eru notuð til að flytja farþega) og N (sem eru notuð til vöruflutninga) að því er varðar hljóðstig þeirra. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um ráðstafanir varðandi hljóðviðvörðunarkerfi (AVAS) fyrir tvinnrafökutæki og hrein rafökutæki sem miðar að því að vara við óvarða vegfarendur.
- 2) Endurskoða ætti upplýsingaskjalið, skv. I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽²⁾, í tengslum við ESB-gerðarviðurkenningu á ökutæki að því er varðar leyfilegt hljóðstig til að endurspeglar ítarlegar kröfur um hljóðviðvörðunarkerfið.
- 3) Í kjölfar samþykkis á röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 138 um viðurkenningu á hljóðlátum vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum, á 171. fundi Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki undir forsjá efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) ætti að endurskoða VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 540/2014 til að innleiða bann við hlévirgni hljóðviðvörðunarkerfis í ökutæki.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 540/2014 til samræmis við það.
- 5) Að teknu tilliti til þess að þessi reglugerð felur í sér aðlögunarákvæði til að endurspeglar kröfur varðandi hlévirgni hljóðviðvörðunarkerfis í ökutæki, sem nú þegar er í gildi samkvæmt samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 1958 og innleiðir nauðsynleg umbreytingarákvæði til beitingar 2019, ætti hún að öðlast gildi eins fljótt og auðið er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 540/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 138, 24.5.2019, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjttíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 540/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. viðbætur í I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) liður 12.8 fellur brott,
- b) eftirfarandi liður 12.9 bætist við:

„12.9. Hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki

12.9.1. Viðurkenningarnúmer ökutækisgerðar með tilliti til hljóðmengunar samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138 ⁽¹⁾

eða

12.9.2. Fullbúin tilvísun í niðurstöður úr prófunum á hljóðmengunarstigum hljóðviðvörðunarkerfis sem eru mæld í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 540/2014 ⁽¹⁾“.

2) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) í stað I. þáttar kemur eftirfarandi:

„I. þáttur

Í þessum viðauka eru settar fram ráðstafanir varðandi hljóðviðvörðunarkerfi fyrir tvinnrafökutæki og hrein rafökutæki.

I.1. Þrátt fyrir lið I.2 (a- og b-liður) og lið I.3. (a- og b-liður) skulu ákvæði II. þáttar gilda um uppsett hljóðviðvörðunarkerfi:

- a) í hverju ökutæki sem er gerðarviðurkennt fyrir 1. júlí 2019,
- b) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar sem um getur í a-lið og er skráð fyrir 1. júlí 2021.

I.2. Þrátt fyrir a- og b-lið liðar I.3 skulu ákvæði III. þáttar gilda um uppsett hljóðviðvörðunarkerfi:

- a) í hverju ökutæki, sem er gerðarviðurkennt fyrir 1. júlí 2019, ef framleiðandi kys að gera það,
- b) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar sem um getur í a-lið,
- c) í hverju ökutæki sem er gerðarviðurkennt frá og með 1. júlí 2019 og fyrir 1. september 2021,
- d) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar sem um getur í c-lið og er skráð fyrir 1. september 2023.

I.3. Ákvæði IV. þáttar skulu gilda um uppsett hljóðviðvörðunarkerfi:

- a) í hverju ökutæki, sem er gerðarviðurkennt fyrir 1. september 2021, ef framleiðandi kys að gera það,
- b) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar sem um getur í a-lið,
- c) í hverju ökutæki sem er gerðarviðurkennt 1. september 2021 eða eftir það,
- d) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar sem um getur í c-lið,
- e) í öllum nýjum ökutækjum sem eru skráð 1. september 2023 eða eftir það.“

b) Eftirfarandi IV. þáttur bætist við:

„IV. þáttur

Ákvæði III. þáttar skulu gilda, að undanskildum b-lið liðar III.2. Að auki skal eftirfarandi gilda:

Rofi

Allur búnaður sem gerir öikumanni kleift að gera hlé á virkni hljóðviðvörðunarkerfis í ökutæki („hlévirgni“) skal uppfylla kröfurnar í lið 6.2.6. reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138, 1. viðbót við upprunalegu útgáfu reglugerðarinnar, röð breytinga nr. 01 (Stjtið. ESB L 204, 5.8.2017, bls. 112).“
